

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/55/EB

2008/EES/78/05

frá 12. júní 2006

um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar hámarksþyngd framleiðslueininga fræs*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽¹⁾, einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Alþjóðareglur að því er varðar hámarksþyngd á framleiðslueiningum af fræi tiltekinna korntegunda, einkum *Triticum aestivum*, *Triticum durum*, *Triticum spelta*, *Secale cereale*, *Triticosecale* og *Oryza sativa*, *Avena sativa* og *Hordeum vulgare*, hafa nýlega verið endurskoðaðar.
- 2) Því er rétt að aðlaga hámarksþyngd á framleiðslueiningum af fræi þeirra tegunda sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 66/402/EBE til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í 2. dálki töflunnar í III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE komi „30“ í stað „25“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. júní 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 159, 13.6.2006, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2006 frá 8. desember 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 29.3.2007, p. 7.

(¹) Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).